

## REGLUGERÐ

### um breyting á reglugerð nr. 452/2000, um stjórn hreindýraveiða.

#### 1. gr.

14. gr. orðast svo:

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum eða fangelsi allt að tveim árum og sviptingu skotvopna- og veiðileyfis.

Tilraun til brota gegn reglugerð þessari varða refsingu sem fullframið brot, sbr. 3. kafla almennra hegningarlaga. Hið sama gildir um hlutdeild í brotum.

Gera má upptæk til ríkissjóðs: Ólöglegt veiðifang, veiðitæki og annan búnað sem notaður hefur verið við framkvæmd brots svo og hagnað af ólöglegri veiði og sölu framan- greindra verðmæta. Ekki er það upptöku til fyrirstöðu þótt annar sé eigandi veiðitækis eða annars sem upptaka er heimil á en sá sem sekur hefur gerst við brot á reglugerð þessari. Að öðru leyti skal fara um eignaupptöku samkvæmt ákvæðum 69. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Mál út af brotum gegn reglugerð þessari skulu rekin að hætti opinberra mála.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 14. gr. laga nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, með breytingu nr. 100/2000, og öðlast þegar gildi.

*Umhverfisstjórnuneytinu, 2. mars 2001.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

*Ingimar Sigurðsson.*